



Samband íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 18. mars 2016
Tilv.: IRR15070061/30.29.0

Á árinu 2008 hófu Sameinuðu þjóðirnar almenna úttekt á stöðu mannréttindamála í aðildarríkjum (Universal Periodical Review, UPR). Tilgangur ferlisins er bæði að varpa ljósi á það sem vel er gert í framkvæmd mannréttindamála og benda á atriði sem ríki telja að betur megi fara í framkvæmd hvers annars. Í því skyni beina þau tilmælum hvert til annars sem ríkið sem er til skoðunar hefur tækifæri til þess að taka afstöðu til.

Fyrsta úttektin á stöðu mannréttindamála á Íslandi fór fram á árinu 2011. Í ár er komið að annarri úttekt á stöðu mannréttindamála hér á landi og þarf Ísland að skila skýrslu vegna úttektarinnar 1. ágúst nk. sem verður tekin fyrir í Genf 1. nóvember nk. Í yfirstandandi úttekt er ætlast til að áhersla verði lögð á þá þróun sem hefur átt sér stað síðan síðasta úttekt var gerð, hvort og þá hvernig brugðist hefur verið við þeim athugasemendum sem fram komu í kjölfar úttektarinnar sem og að benda á þann árangur sem náðst hefur, framkvæmd sem er til fyrirmynnar og jafnframt áskoranir og erfiðleika sem hafa komið upp við innleiðingu þeirra athugasemda sem var samþykkt að bregðast við í fyrstu úttektinni.

Í úttektarferlinu er lögð áhersla á að frjálsum félagasamtökum og öðrum aðilum, þar á meðal aðilum úr fræðasamféluginu, gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við mannréttindaráð SÞ, sem framkvæmir endurskoðunina, með því að skila inn ábendingu er varða stöðu mannréttinda á Íslandi til innanríkisráðuneytisins.

Ráðuneytið vill enn fremur upplýsa að við gerð skýrslu Íslands er lögð áhersla á samráð við ofangreinda aðila, t.d. með þeim hætti að kynnt verði hverjar verði megin áherslur Íslands við skýrslugerðina, stefnt er að því að drög að skýrslunni verði kynnt á heimasíðu ráðuneytisins í **mai** og mun þá öllum gefast kostur á að koma athugasemendum til **ráðuneytisins** vegna hennar.

Með bréfi þessu vill ráðuneytið vekja athygli sambandsins á framangreindri úttekt og óska estir því að það komi upplýsingum um útekt þessa á framfæri til sveitarfélaganna og hvetja þau til þess að skila inn ábendingum til innanríkisráðuneytisins, þar sem mikilvægt er að þau séu upplýst í þessum mikilvæga málaflokki.

Hjálagt eru gögn (á ensku) sem gætu komið að gagni við þá vinnu. Einnig má fá frekari upplýsingar um ferlið á eftirfarandi vefsíðu: <http://www.upr-info.org/>.

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið samband við Rögnu Bjarnadóttur lögfræðing í síma: 545-9000 eða í netfangið postur@irr.is.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Ragna Bjarnadóttir

Fylgiskj.: Universal Periodic Review: information and guidelines
for relevant stakeholders' written submissions

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	160304454
Móttekið dags.	23. MAR. 2016
Bréfalykils nr. _____	